

Góðir fundarmenn.

Ég ætla að fjalla örlítið um Gegni í almenningubókasöfnum en aðallega að velta upp nokkrum tillögum til að betrubæta kerfið.

Þeir sem þekkja mig halda því margir hverjir fram að ég sé Gegnis-aðdáandi, sem er svo sem ekki fjarri lagi. Ég hef lagt mig fram við að skilja hvernig kerfið virkar og átta mig á möguleikum Gegnis – og líka takmörkunum hans. Eins og við vitum þá er enginn fullkominn, og það á líka við um tölvukerfi. En – lengi getur gott batnað, og notendafélag Gegnis, Alefli, er náttúrlega þrýðis vettvangur fyrir þátttöku okkar í þróun kerfisins.

Almenningubókasöfn eru í eðli sínu útlánasöfn. Það segir sig því sjálfst að þau nýta sér flesta möguleika útlánaþáttarins. Þess vegna ætla ég svona að mestu að fjalla um útlánaþátt Gegnis, en kem líka aðeins inn á vefaðganginn.

Mig langar að byrja á að segja ykkur aðeins af fyrstu reynslu minni af Gegni. Þegar Bókasafn Hafnarfjarðar byrjaði að lána út í Gegni þá var það gífurlegt stökk frá fyrra kerfi. Það er alltaf erfitt að skipta um tölvukerfi og maður lendir alltaf á einhverjum hindrunum. En við reyndum að undirbúa okkur vel og vorum ákveðin í að láta hlutina ganga upp, og þá gengu þeir upp, svona einhvern veginn. Fyrstu mánuðirnir voru sérstaklega erfiðir því ólíkt söfnunum sem lánuðu út í Feng, þá fluttust engin útistandandi útlán í okkar safni yfir í Gegni og við þurftum því að vera með tvö kerfi í gangi. Sá tími var hins vegar mjög lærdómsríkur, því við þurftum að setja okkur alveg inn í hugsanagang Gegnis til að skilja rót ýmissa vandamála. Ég ætla ekki að fara út í smáatriðin, en þið getið ímyndað ykkur flækjuna við að þurfa að leita í tveim kerfum, vera með frátektir í tveim kerfum og jafnvel lánþega sem voru með fimm bækur í láni samkvæmt gamla kerfinu og aðrar fimm í því nýja. Þetta var náttúrlega bara bilun...

En þetta varð líklega til þess að við settum okkur af enn meiri einurð inn í það hvernig Gegnir virkar.

Núna notum við Gegni alfarið, ef frá er talin tónlistardeildin, en það á enn eftir að skrá hana í Gegni.

Sumir hafa sagt við mig að Gegnir sé allt of flókinn. Sömu aðilar hafa jafnvel líka kvartað yfir því hvað það sé erfitt að leita í starfsmannaaðganginum. Svarið sem ég hef er á þessa leið: Til að hafa marga möguleika, þá **þarf** flókið kerfi. Og leitarmöguleikarnir í starfsmannaaðganginum eru frábærir – ef maður getur gefið sér tíma til að læra á alla möguleikana. Það lærir enginn á Gegni á einum degi. Þetta er langtímasamband.

Helstu grunnatriðin í daglegu starfi almenningsbókasafna eru útlán og skil. Í afgreiðslunni á stóru eða meðalstóru almenningsafni getur oft verið mikill erill. Heilu fjölskyldurnar koma á safnið og hver fjölskyldumeðlimur getur verið að skila fleiri tugum bóka og annarra gagna, og svo fá allir annan eins skammt að láni aftur.

Eins og Gegnir er uppbyggður í dag, þá sjáum við ekki hvað lánþegi er með heima þegar hann fær lánað eða ætlar að skila. Við sjáum ekki einu sinni **hvort** hann er með eitthvað heima. Á neðri hluta gluggans í útlánaflípanum sjáum við safnast upp þá titla sem viðkomandi fær að láni núna. Ég myndi vilja hafa neðri hluta gluggans þannig úr garði gerðan að þar sæjust líka þeir titlar sem lánþegi er með heima – nýju titlarnir myndu þá safnast ofan á. Það væri jafnvel hægt að aðgreina það sem er heima með því að hafa lettrið öðruvísi á litinn. Þannig er hægt að minna lánþega á bók sem er komin fram yfir tímann, eða bjóða framlengingu láns að fyrri bragði. Eins og staðan er í dag þarf starfsmaður að fara krókaleið til að kíkja á stöðuna, og það vill oft farast fyrir þegar mikið er að gera í afgreiðslunni.

Það sama má segja um neðri hluta skilagluggans, þar myndi ég vilja sjá lista yfir það sem er inni á lánþeganum, og svo myndi saxast af þessum lista eftir því sem maður skannar bækurnar og þeim er skilað. Þá er hægt að sjá í hendi sér ef lánþegi hefur gleymt einhverjum safngögnum heima, þó hann telji sig hafa skilað öllu.

Ég held að ef þetta yrði raunin, þá myndi það vera mikið hagræði fyrir starfsmenn útlánasafna, og ekki síður: auka þjónustu okkar við viðskiptavininn.

Annað atriði sem mig langar að velta upp er notkunarmöguleikar á gjaldfærslunum, sem gætu nýst fyrir svo mikið meira en bara sektir. Flest almenningssöfn á Íslandi eru með einhvers konar útlánagjald á hluta safnkostsins – til dæmis á bíómyndum eða tónlist. Fyrir daga Gegnis var kerfið Bókver notað í Bókasafni Hafnarfjarðar, og þrátt fyrir ýmsa annmarka, þá var útlánaþátturinn í Bókveri nokkuð góður. Ef lánþeginn var með útistandandi skuld, þá kom það fram á áberandi stað á skjánum – svo áberandi að það gat hreinlega ekki farið fram hjá manni. Útlánagjald á gjaldskyldum gögnum kom strax inn sem skuld um leið og maður skannaði gagnið inn. Þetta var afar þægilegt. Í fyrsta lagi var starfsmaðurinn þannig áminntur um að rukka nú kúnnann um útlánagjaldið (en það getur annars gleymst í hita leiksins ef mikið er að gera í afgangslunni) og í öðru lagi hélt kerfið þannig utan um tekjurnar. Hægt var að kalla fram lista yfir tekjur vegna myndbanda, tekjur vegna tónlistar, tekjur vegna sekta og svo framvegis.

Starfsmenn Landskerfis hafa sagt mér að eins og er sé ekki hægt að stilla Gegni þannig að útlánagjöld birtist sjálfkrafa inn í gjaldfærslur lánþega. Þar eru aðeins sektir og reyndar líka árgjald ef safnið vill láta árgjöldin vera sýnileg í gjaldfærslunum, eins og við gerum í Hafnarfirðinum og víðar. Ég

myndi halda að það væri verulega til bóta ef hægt væri að tengja útlánagjald við eintakstegund. Allavega veit ég að slíkt yrði nýtt til fullnustu á Bókasafni Hafnarfjarðar og líklega víðar.

Nú ætla ég að venda kvæði mínu í kross og huga að vefaðganginum –
Gegnir.is

Möguleikar internetsins eru nánast ótakmarkaðir, og Gegnir má ekki heltast úr lestinni þegar tölvusamfélagið þróast.

Mér hefur oft verið hugleikið af hverju ekki sé hægt að fletta upp í Gegni með gsm-síma. Síminn sem ég nota er alls ekki sá flóknasti á markaðnum, en með honum get ég samt sem áður farið á netið og kíkt á valdar vefsíður. Ég get skoðað nýjustu fréttirnar á Mbl.is og ég get líka skoðað veðurspána, bara sem dæmi. Marg oft hef ég verið að því komin að fletta upp í Gegni með símanum mínum, en munað á síðustu stundu að það er ekki hægt. Sú kynslóð sem er núna í framhaldsskólum og háskólum er alin upp við að nálgast upplýsingarnar hvar sem er, hvenær sem er. Þó flestir í þessum hópi séu oftast með nettengda fartölvu við höndina, þá er það samt ekki alltaf raunin. Ímyndum okkur til dæmis háskólastúdent sem leigir lítið herbergi úti í bæ, án netsambands. Hann er að klára ritgerð um miðja nótt og þarf nauðsynlega að fletta upp í Gegni. Þessi stúdent myndi eflaust fagna því að geta notað farsímann sinn til þess arna.

Ég hef verið spurð um það af hverju ekki sé hægt að greiða sektir gegnum netið. Væri það ekki undursamlegt ef viðskiptavinir gætu farið á Gegni.is og ekki bara séð hvað þeir skulda bókasafninu sínu, heldur líka bara millifært eða skellt þessu á kreditkortinu? Ég sé fyrir mér að þetta verði möguleiki í framtíðinni, en til þess að það geti orðið þarf auðvitað að vinna í málinu.

Annað sem ég hef verið spurð um er hvort ekki sé hægt að vista listann á Gegnir.is, en núna er það þannig að listinn hverfur þegar glugganum er lokað. - Svipað og óskalisti á Amazon.

Alefli þarf að vera virkt í þróun Gegnis. Við uppfærsluna í útgáfu 16 lagaðist margt en eitt tapaðist sem ég og fleiri notum dagsdaglega. Þarna er ég að tala um takkann sem ýtti nýskráðri færslu beint yfir í eintakaþáttinn svo hægt væri að tengja eintak. Nú þarf að fara krókaleið til að tengja eintakið. Við gætum lent í því í framtíðinni að margir fítusar sem við notum mikið detta út, einfaldlega vegna þess að við höfum ekki verið dugleg að taka þátt í þróun kerfisins. Munum að ekkert félag er sterkara en félagsmennirnir sjálfir. Við þurfum öll að koma hugmyndum á framfæri við Alefli svo þær eigi möguleika á að verða að veruleika.